

að gerðarþoli sé þinglýstur eigandi fasteignarinnar Miðtún 30 (sic).

Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Miðtúni 30.

Fógæti ákvað, að gerðarþola skyldi tilkynnt um fjárnámið í ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Mánudagur 27. október 1969.

Nr. 84/1969. **Sigurður Helgason**

(Kristinn Einarsson hdl.)

gegn

Herði Helgasyni og gagnsök

(Sigurður Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Samningur um lausn veðbands. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1969. Dómkröfur hans eru þessar: Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 307.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 7.825.00 frá 14. september 1966 til 21. október 1967 og af kr. 307.825.00 frá þeim degi til greiðsludags, að gagnáfrýjanda verði dæmt að viðlögðum kr. 2.000.00 dagsektum til aðaláfrýjanda að leysa veð af eignarhluta aðaláfrýjanda í fasteigninni Safamýri 44, Reykjavík, sem hvílir með 3ja veðrétti á eigninni samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00 og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. maí 1969. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfu aðaláfrýjanda um framangreinda veðbandslausn verður að jafna til kröfu um peningagreiðslu. Dagsektir verða því ekki dæmdar, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Ársvesti af dæmdri fjárhæð, kr. 7.825.00, ber að ákveða 7%. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Hörður Helgason, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Helgasyni, kr. 7.825.00 með 7% ársvöxtum frá 14. september 1966 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi leysi veð af eignarhluta aðaláfrýjanda í fasteigninni Safamýri 44, Reykjavík, sem hvílir með 3ja veðrétti á eigninni samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Sigurður Helgason, Safamýri 44, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Herði Helgasyni, Kjartansgötu 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 307.825.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði fyrir hvern þyrjaðan mánuð af kr. 7.825.00 frá 14. september 1966 til 21. október 1967, en af kr. 307.825.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hinn 27. nóvember 1968 höfðaði stefnandi framhaldssök í máli þessu, og eru dómkröfur stefnanda í framhaldssök þær, að stefndi, Hörður Helgason, verði dæmdur að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000.00 á dag, er renni til stefnanda, að leysa af eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 44 við Safamýri, Reykjavík, veð það, er stefnandi hafi lánað Sökkaverksmiðjunni Evu h/f samkvæmt veðbréfi, útgefnu 13. desember 1963, en veðið hafi verið til trygg-

ingar skuld fyrirtækisins að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00. Í framhaldssök krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins bæði í aðalsök og framhaldssök.

Málavöxtum í aðalsök lýsir stefnandi á þá leið, að hann hafi á sínum tíma verið hluthafi í Sokkaverksmiðjunni Evu h/f og hafi hann þá gengið í ýmsa ábyrgð fyrir félagið. Á árinu 1966 hafi Hörður Helgason orðið formaður félagsins og hafi hann óskað eftir að kaupa hlutabréf stefnanda í félaginu og hafi hann jafnframt boðizt til að leysa stefnanda undan öllum þeim skuldbindingum, er stefnandi hafði gengið í vegna félagsins. Hafi þeir undirritað samning þess efnis hinn 7. maí 1966, að stefndi keypti af stefnanda hlutabréf í Sokkaverksmiðjunni Evu h/f að nafnverði kr. 20.000.00. Einnig hafi stefnandi afsalað stefnda rétti sínum til kaupa á hlutabréfum að fjárhæð kr. 130.000.00, er stefnandi hafi verið búinn að skrá sig fyrir, en hafði enn eigi greitt. Í stað þessa hafi stefndi lofað að greiða stefnanda kr. 10.000.00 og leysa hann undan öllum ábyrgðum, er hann hafi verið í vegna Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, en á þessum tíma hafi stefndi verið stjórnarformaður í hlutafélaginu. Í samningi þessum segir m. a.:

„Víxilskuldbindingum þeim, er Sigurður hefur gengið í fyrir Evu h/f ýmist sem samþykkjandi eða ábyrgðarmaður, verður hann leystur frá á gjalddaga víxlanna, en þeir eru:

- a. Víxill, að fjárhæð kr. 16.000.00, pr. 20/5 1966.
- b. Víxill, að fjárhæð kr. 2.000.00, pr. 28/5 1966.
- c. Víxill, að fjárhæð kr. 60.000.00, pr. 1/6 1966.
- d. Víxill, að fjárhæð kr. 6.500.00, pr. 20/6 1966.
- e. Víxill, að fjárhæð kr. 11.000.00, pr. 20/7 1966.
- f. Víxill, að fjárhæð kr. 4.000.00, pr. 20/7 1966“.

Við þetta samkomulag hafi stefndi ekki staðið.

Víxil þann, sem getið er í d lið í ofangreindri upptalningu, hafi stefnandi orðið að leysa til sín hinn 14. september með kr. 7.825.00.

Þá kveðst stefnandi hafa orðið að greiða kr. 300.000.00 til Samvinnubanka Íslands h/f, útibúsins á Akranesi, vegna víxilábyrgðar fyrir Sokkaverksmiðjuna Evu h/f. Þeirrar víxilábyrgðar sé eigi sérstaklega getið í samningi þeim, er áður er getið, þar sem stefndi hafi tjáð stefnanda, að búið væri að ganga frá þeim víxli og annar víxill kominn í stað hans hjá bankanum. Stefnandi segir, að þessa víxils hefði verið getið í samningnum, ef stefndi hefði veitt réttar upplýsingar. Stefnandi segir, að samningur sá,

er stefnandi hafi gert við stefnda, hafi verið gerður í þeim tilgangi m. a., að stefnandi mætti losna úr öllum þeim ábyrgðum, sem hann hafi verið í fyrir félagið, enda hafi engin undantekning verið gerð þar um í samningnum. Að víxilábyrgðarinnar í Samvinnubankanum á Akranesi sé eigi getið, sé eingöngu sök stefnda.

Sýknukröfu sína í aðalsök rökstyður stefndi með því, að svo sem samningurinn á dskj. nr. 3 beri með sér, séu víxilskuldbindingarnar, sem stefnandi hafði tekið á sig og lofað hafi verið að leysa hann undan, taldar tæmandi upp. Hvergi sé minnzt á þessa 300 þúsund króna skuldbindingu, sem stefnandi reisi mál sitt á, enda staðhæfir stefndi, að aldrei hafi verið á það minnzt, að stefnandi yrði leystur undan henni eða nokkuð talað um þessa skuldbindingu.

Stefndi kveðst telja, að hann hafi staðið við samninginn á dskj. nr. 3 að öllu leyti. Ef víxill, sem talinn sé upp undir lið d, hafi ekki verið greiddur, sé það yfirsjón og muni stafa af því, að stefnandi hafi ekki framvísað víxlinum. Stefndi hafi verið formaður stjórnar Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f og framkvæmdastjóri fjármála fyrirtækisins frá 19. febrúar 1966 til 8. desember 1966. Hann eigi ekki þess kost nú að kanna bókhald félagsins varðandi þennan víxil, en telji, að núverandi framkvæmdastjóri Evu h/f muni geta veitt upplýsingar um þetta.

Kröfur sínar í framhaldssök rökstyður stefnandi með vísan til samningsins á dómsskjali nr. 3, sem liggi til grundvallar máli þessu, en þar hafi stefndi skuldbundið sig til þess fyrir 1. júlí 1966 að lýsa af eignarhluta stefnanda í húsinu nr. 44 við Safa-mýri, Reykjavík, veði því, er stefnandi hafi lánað Sökkaverksmiðjunni Evu h/f í eignarhlutanum til tryggingar skuld fyrir-tækisins að fjárhæð tékkneskar kr. 35.000.00. Hafi stefndi eigi staðið við þetta þrátt fyrir ítrekuð loforð hans þar að lútandi.

Málavöxtum í framhaldssök lýsir stefndi m. a. á þá leið, að Sökkaverksmiðjan Eva h/f hafi á sínum tíma fest kaup á vélum til sokkaframleiðslu frá Tékkóslóvakíu. Framleiðandinn hafi lán-að eða útvegað lán í tékkneskum krónum, sem muni hafa sam-svarað á þáverandi gengi um kr. 2.000.000.00 íslenskum. Skilyrði fyrir lánveitingunni hafi verið, að bæjarsjóður Akraness ábyrgð-ist. Hafi bæjarsjóður Akraness fallizt á þetta gegn því að fá fast-eignatryggð veð. Þegar stefndi hafi gert samninginn við stefn-anda, sbr. dskj. nr. 3, hafi verið búið að greiða þetta tékkneska lán niður að verulegu leyti. Samningurinn á dskj. nr. 3 hafi verið gerður í samráði við Inga Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Sokka-

verksmiðjunnar Evu h/f. Það hafi verið skoðun Inga, að þar sem verulega hafði verið greitt niður af þessu tékkneska láni, ætti ekkert að vera til fyrirstöðu því, að bæjarsjóður Akraness gæfi eftir sumt af hinum fasteignatryggðu veðum sínum. Það hafi því orðið að samkomulagi milli stefnda og Inga Þorsteinssonar, að fasteign stefnanda yrði fyrst leyst úr veðböndum, ef bæjarsjóður Akraness féllist á slíkt. Síðar hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að hrinda þessu í framkvæmd með því að rita bréf til bæjarsjóðs Akraness. Munu fleiri en eitt bréf hafa verið rituð. Ingi Þorsteinsson hafi séð um þessa bréfaritun. Málið hafi enn verið óleyst, er stefndi hafi horfið úr stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f í desember 1966. Þar með hafi hann verið útilokaður frá því að geta staðið við ákvæði í 4. tl. samningsins á dskj. nr. 3.

Loforðið í 4. tl. samningsins á dskj. nr. 3 hafi verið gefið á þeirri forsendu, að stefndi hefði möguleika eða aðstöðu til þess að leysa veðið af, en til þess að svo mætti vera, hafi hann þurft að vera í stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f.

Er stefndi hafi horfið úr stjórninni í desember 1966, hafi hann því ekki lengur verið í aðstöðu til að standa við loforðið, sem stefnanda hafi verið gefið í 4. tl. samningsins á dskj. nr. 3. Stefnandi hafi vitað, á hvaða forsendum loforðið hafi verið gefið. Það hafi verið háð því, að bæjarsjóður Akraness samþykkti. Það hafi stefnandi vitað. Það sé því óheiðarlegt og andstætt góðu siðferði að krefjast þess, að stefndi standi við samninginn að þessu leyti nú, löngu eftir að hann sé kominn úr stjórn hlutafélagsins, sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Varðandi yfirlýsingu stefnda þess efnis, að hann tæki á sig persónulega ábyrgð, að staðið yrði við samkomulagið á dskj. nr. 3, skuli það tekið fram, sem raunar gefi auga leið, að það sé gert á þeirri forsendu, að stefndi gæti ráðið ferðinni sem stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, enda komi það skýrt fram í inngangsorðum samningsins, þeim, að stefndi sé fyrst og fremst samningsaðili sem formaður stjórnar Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f og geri samninginn fyrir hönd félagsins.

Þá sé því haldið fram, að krafan í framhaldssökinni sé niður fallin vegna vangeymslu. Það séu nú liðin tvö ár, frá því að stefndi hafi gengið úr stjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, sem þýði það, að tvö ár séu liðin frá því, að hann hafi misst möguleika á því að standa við samninginn.

Vegna máls þessa hafa báðir aðiljar málsins komið fyrir dóm tvisvar sinnum og einnig vitnið Ingi Þorsteinsson, framkvæmda-

stjóri Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f. Einnig hefur komið fyrir dóm sem vitni lögmaður stefnanda.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi óskað eftir því, að stefnandi greiddi ógreidd hlutafjárloforð sín, en þar sem stefnandi hafi ekki getað greitt hlutafjárloforð sín, þá hafi stefndi boðizt til að kaupa hlutabréf stefnanda og leysa hann undan greiðslu á ógreiddum hlutafjárloforðum. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 9 ljósrit úr fundargerðarbók Sokkaverksmiðjunnar Evu, en þar kemur fram, að aðalboðskapur stefnda, þá er hann hafði verið kosinn stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, hafi verið, að hann ætlaði að ganga fast eftir því að ná inn ógreiddu hlutafé. Eftir hinu framlagða ljósríti úr fundargerðarbókinni hefur stefndi verið kosinn stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f hinn 19. febrúar 1966.

Stefnandi málsins hefur fyrir dómi haldið því fram, að samningurinn á dskj. nr. 3 hafi verið gerður við Hörð Helgason persónulega. Í því sambandi hefur stefnandi haldið því fram, að fyrir hlutabréfin að fjárhæð kr. 20.000.00, sem stefndi hafi keypt á kr. 10.000.00 samkvæmt 2. lið samningsins á dskj. nr. 3, hafi stefndi greitt með ávísun úr eigin ávísanahefti.

Stefndi hefur haldið því fram fyrir dómi, að samninginn á dskj. nr. 3 hafi hann gert sem stjórnarformaður Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f. Því til stuðnings hefur verið lagt fram af hálfu stefnda ljósrit af ávísun að fjárhæð kr. 10.000.00, stílaðri á Sigurð Helgason, útgefinni af Herði Helgasyni pr. pr. Sokkaverksmiðjan Eva h/f og dagsettri 7. maí 1966.

Stefnandi hefur haldið því fram fyrir dómi, að við gerð samningsins á dskj. nr. 3 hafi það verið meiningin, að hann skyldi losna úr öllum ábyrgðum, sem hann væri í fyrir Sokkaverksmiðjuna Evu h/f, og þá einnig ábyrgð á vixli að fjárhæð kr. 900.000.00. En vixill þessi mun vera þannig til kominn, að vegna yfirdráttar Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f í útibúi Samvinnubankans á Akranesi mun bankanum m. a. hafa verið settur að tryggingu vixill að fjárhæð kr. 900.000.00. Einn af ábyrgðarmönnum á þessum vixli hafi verið stefnandi, og hefur hann haldið því fram fyrir dómi, að hann muni hafa verið næst síðastur af fimm ábyrgðarmönnum. Seinna fór svo, að Samvinnubankinn gerði fjárnám í íbúð stefnanda vegna vixils þessa, og mun það hafa orðið að samkomulagi á milli bankans og stefnanda, að stefnandi greiddi bankanum kr. 300.000.00 vegna vixilábyrgðar þessarar, sbr. dskj. nr. 4. Hefur stefnandi haldið því fram, að við gerð samningsins

á dskj. nr. 3 og einnig áður en samningurinn var gerður, þá hafi stefnandi ítrekað spurt stefnda um þennan víxil, sem mun hafa verið að fjárhæð kr. 900.000.00, en hann hefur verið nefndur stóri víxillinn í yfirheyrslum, sem fram hafa farið í málinu. Fyrirspurnum stefnanda um þennan víxil hafi stefndi svarað á þá leið, að stefnandi væri fallinn út af víxlinum, og heldur stefnandi því fram, að það sé einungis sök stefnda, að stóra víxilsins sé ekki getið í samningnum á dskj. nr. 3. Stefndi hefur fyrir dómi haldið því fram, að hann hafi ekkert um þennan víxil vitað, fyrr en eftir að samningurinn á dskj. nr. 3 var gerður. Stefndi sagði, að meiningin með samningnum á dskj. nr. 3 hafi verið að leysa stefnanda undan öllum ábyrgðum, sem hann hafi staðið í fyrir Evu h/f, og kvaðst stefndi ekki hafa vitað til, að stefnandi stæði í meiri ábyrgðum en taldar eru á dskj. nr. 3. Ekki kvaðst stefndi vita, hvað hann hefði gert, ef hann hefði vitað um stóra víxilinn, því að þá hefði málið breytzt, þar sem þar hafi verið um kr. 900.000.00 ábyrgð að ræða. Stefndi tók fram, að hann teldi líklegt, að hann hefði gert samning eins og samninginn á dskj. nr. 3, ef hann hefði vitað um stóra víxilinn, þar sem samningurinn sé um lágar fjárhæðir, að því er hlutafé varðar, og honum hafi á þessum tíma verið það kunnur fjárhagur félagsins að öðru leyti, þá telji hann ólíklegt, að hann hefði gert samning, þar sem hann hefði leyst stefnanda undan ábyrgð hans á stóra víxlinum og tekið jafnframt persónulega ábyrgð á svo stórum fjárhæðum.

Lögmaður stefnanda, Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður, hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu og þá borið, að hann hafi annast gerð samningsins á dskj. nr. 3 eftir upplýsingum stefnanda og stefnda. Einnig kvaðst lögmaðurinn hafa verið viðstaddur fyrri viðræður málsaðiljanna. Ekki kvaðst lögmaðurinn muna, að rætt hafi verið um stóra víxilinn svo kallaða, en kvaðst halda, að það hefði verið gert.

Vitnið Ingi Þorsteinsson hefur borið fyrir dómi, að það hafi verið viðstatt viðræður þeirra stefnanda og stefnda í máli þessu og þar hafi verið talað um, að stefnandi yrði leystur undan öllum skuldbindingum, sem hann hafði gengið í fyrir Evu h/f, en ekki hafi verið sérstaklega minnst á víxilábyrgð stefnda vegna yfirdráttarheimildar Evu h/f við Samvinnubankann á Akranesi. Jafnframt sagði vitnið, að það teldi víst, að stefndi hafi vitað um stóra víxilinn, þegar samningurinn á dskj. nr. 3 var gerður. Í því sambandi tók vitnið fram, að þegar stefndi hafi tekið við stjórnarformennsku, þá hafi hann jafnframt tekið við fjármálastjórn

fyrirtækisins í heild. Einnig sagði vitnið, að hætt hafi verið að nota hlaupareikning nr. 6 um áramótin 1965—1966, en það hafi verið reikningurinn með yfirdráttarheimildinni, sem stóri víxillinn hafi átt að tryggja, og hafi sá reikningur ekki verið í notkun, þegar stefndi hafi tekið við stjórnarformennsku í hlutafélaginu.

Stefndi hefur haldið því fram fyrir dómi, að hann hafi tekið við fjármálastjórn Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f, þegar hann hafi verið kosinn stjórnarformaður, að öðru leyti en því, að Ingi Þorsteinsson hafi haft stjórn fjármála fyrirtækisins á Akranesi fram til júní eða júlí 1966, en þá kvaðst stefndi hafa tekið við stjórn allra fjármála fyrirtækisins og hafi hann haft þau þar til í desember 1966, en þá kveðst stefndi hafa sagt af sér sem stjórnarformaður félagsins, eftir að hann hafði borið fram tillögu um, að fyrirtækið lýsti sig gjaldþrota, og sú tillaga hafi verið felld. Stefndi kvaðst hafa tekið við hlaupareikningi nr. 6 í júní 1966. Þá kvaðst stefndi hafa athugað þennan bankareikning og þá hafi honum orðið ljóst, að stefnandi stæði í víxilábyrgð vegna stóra víxilsins. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 11 ljósrít af færslum á hlaupareikningi nr. 6 við útibú Samvinnubankans á Akranesi, og sést þar, að sá reikningur hefur verið í samfelldri notkun til 27. apríl 1966 og svo aftur frá 1. júlí 1966. Einnig hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 10 bréf frá Samvinnubanka Íslands h/f, Akranesi, en þar er upplýst, að fyrsta ávísun, sem stefndi hafi gefið út á hlaupareikning nr. 6, hafi verið 1. júlí 1966.

Varðandi kröfur stefnanda í framhaldssök þá hefur stefndi borið, að hann hafi talið óhætt að lofa því að leysa veð af húseign stefnanda, þar sem skuld sú, sem veðið átti að tryggja, hafi þá lækkað mikið. Vitnið Ingi Þorsteinsson hefur borið fyrir dómi, að málavaxtalýsing stefnda í framhaldssök sé rétt að öðru leyti en því, að bæjarsjóður Akraness hafi svarað málaleitan vitnisins um það að leysa veðið af húseign stefnanda og hafi bæjarsjóður Akraness viljað verða við tilmælum fyrirsvarsmanna Sokkaverksmiðjunnar að vissum skilyrðum fullnægðum. Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 18 ljósrít af bréfi frá bæjarritaranum á Akranesi, en það er endurrit úr bókunum bæjarráðs. Í bókun frá 16. nóvember 1966 samþykkir bæjarráð m. a. að gefa eftir veð á Safamýri 44, enda greiði Sokkaverksmiðjan gjöld sín til bæjarsjóðs fyrir 1966. Vitnið Ingi Þorsteinsson kvaðst hafa haldið, að veðið hefði verið leyst af Safamýrinni, en sagði þó, að sokkaverksmiðjan muni ekki hafa fullnægt skilyrðum

bæjarstjórnarinnar varðandi greiðslu á opinberum gjöldum, en vitnið kvaðst hafa haldið, að Samvinnubankinn mundi greiða gjöldin og fullnægja þannig skilyrðum til þess að leysa annað veð.

Hér að framan hafa helztu málsatvik verið rakin, eins og þau eru eftir skjölum málsins og framburði aðilja og vitna fyrir dómi.

Eftir að málið hafði verið munnlega flutt 11. marz s.l., var það endurupptekið að tilhlutan dómarsins og óskað eftir því við lögmenn aðilja, að þeir útveguðu og leggðu fram: útskrift af víxilreikningi Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f á tímabilinu janúar 1966 til júní 1966, ljósrit af stóra víxlinum svokallaða og samning um yfirdráttarheimild Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f við útibú Samvinnubanka Íslands h/f á Akranesi.

Lögmaður stefnanda lagði fram ljósrit af víxlinum. Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að samningur um yfirdráttarheimild sokkaverksmiðjunnar við útibú Samvinnubankans muni ekki hafa verið gerður skriðlega og vísuðu um það til almennrar starfsvenju banka. Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að þýðingarlaust mundi vera að reyna að útvega víxilreikning Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f.

Þar sem víxilreikningur Sokkaverksmiðjunnar Evu h/f á fyrrgreindu tímabili hefur ekki verið lagður fram í málinu, þá er ekki hægt að sjá, hvort stóri víxillinn svokallaði hefur verið bókfærður í bókhaldi fyrirtækisins.

En hvernig sem aðdragandi að samningnum á dskj. nr. 3 hefur verið, þá er samningurinn staðreynd, og ekki hefur neitt komið fram af hálfu málsaðilja, sem hnekkir geti gildi samningsins. Aðiljar að samningnum eru tveir lögráða aðiljar, annar þeirra hafði rekið fyrirtækið í a. m. k. 9 ár, þá er samningurinn var gerður. Hinn aðilinn hafði sér til ráðuneytis hæstaréttarlögmenn við samningsgerðina og undirbúning að samningsgerðinni. Hvor aðili um sig hefur viljað halda sig við ákvæði samningsins, að því leyti sem hann er þeim hvorum fyrir sig til hagsbóta.

Stefnandi heldur sig við efni samningsins að öllu leyti, en vill þar að auki telja, að víxilskuldbindingar samkvæmt 3. gr. samningsins séu ekki tæmandi taldar, sbr. kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 300.000.00. Eins og hér hefur verið rakið, rökstyður stefnandi þá kröfu sína með því, að það sé stefnda að kenna, að víxils að fjárhæð kr. 900.000.00 sé ekki getið í samningnum. Ekki þykir stefnandi hafa sýnt fram á það gegn andmælum stefnda, að stefnda hafi verið kunnugt um þann víxil, þá er samningurinn

var gerður. Eftir framburði aðilja og vitna fyrir dómi virðist það hafa verið meiningin með gerð samningsins á dskj. nr. 3, að stefnandi skyldi losna úr öllum þeim ábyrgðum, sem hann væri í fyrir Sökkaverksmiðjuna Evu h/f, þrátt fyrir það að stefnanda hafi verið kunnugt um víxilinn að fjárhæð kr. 900.000.00 og stefnda hafi sem stjórnarformanni mátt vera kunnugt um hann. Þá er staðreynd, að á þann víxil er ekki minnst í samningnum á dskj. nr. 3, en telja verður, að þær ábyrgðir, sem taldar eru í samningnum, séu tæmandi, að því er tekur til þeirra ábyrgða, sem stefnandi skyldi leystur úr og stefndi taka á sig.

Stefndi vill halda sig við ákvæði samningsins, að því er varðar tæmandi talningu í 3. gr. samningsins á þeim skuldbindingum, sem stefnandi skyldi leystur undan. Af því, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, þá virðist hann vilja halda sig við samninginn að öðru leyti en því, að hann sé við stefnda persónulega, en því hefur verið marghaldið fram af hálfu stefnda, að samninginn hafi hann gert sem stjórnarformaður Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f og gert samninginn fyrir hönd félagsins. En í sambandi við þessa fullyrðingu stefnda, er rétt að líta á samninginn á dskj. nr. 3, en undir hann skrifa Sigurður Helgason og Hörður Helgason, ekki aðrir. Ekki er þar að finna neina undirskrift fyrir hönd Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f. Vegna 4. gr. samningsins er því haldið fram af hálfu stefnda, að það loforð hafi verið gefið á þeirri forsendu, að stefndi hefði möguleika eða aðstöðu til þess að leysa veðið af, en til þess, að svo mætti vera, hafi hann þurft að vera í stjórn hlutafélagsins. Í samningnum eru engir fyrirvarar um persónulega ábyrgð stefnda. Heldur er í 5. gr. samningsins skýlaus yfirlýsing um, að stefndi taki á sig persónulega ábyrgð, að staðið verði við allt samkomulag þetta. Með framlagningu dskj. nr. 16 hefur stefndi gert þá fullyrðingu sína, að það hafi verið Sökkaverksmiðjan Eva h/f, sem keypti hlutabréfin samkvæmt 2. gr. samningsins á dskj. nr. 3, trúlega. En hvernig sem þeim viðskiptum stefnda og Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f hefur verið háttað, þá hefur það ekki áhrif á hin skýlausu ákvæði samningsins um persónulega ábyrgð stefnda, og svo hitt, að undir samninginn skrifa þeir stefndi og stefnandi, en ekki er samningurinn undirskrifaður af hálfu Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að krafan í framhaldssök sé niður fallin vegna vangeymslu. Það séu nú liðin

tvö ár, frá því að stefndi hafi gengið úr stjórn Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f, sem þýði það, að tvö ár séu liðin frá því, að hann hafi misst möguleika á því að standa við samninginn. Eftir ákvæðum samningsins þá skyldi umrætt veð leyst af húseign stefnanda hið fyrsta og eigi síðar en 1. júlí 1966. Eftir upplýsingum stefnda sjálfs þá var hann stjórnarformaður í Sökkaverksmiðjunni Evu h/f þar til í desember 1966. Ætti stefnda því tímans vegna að hafa verið unnt að uppfylla samninginn, á meðan hann var stjórnarformaður. En hvernig sem geta stefnda hefur verið, að því er tekur til efnda á 4. gr. samningsins, þann tíma, sem stefndi var stjórnarformaður Sökkaverksmiðjunnar Evu h/f, þá verður ekki talið, að stefndi hafi getað leyst sig undan persónulegum ábyrgðum með því að segja af sér stjórnarformennsku. Ekki verður fallt á þá skoðun lögmanns stefnda, að 32. gr. laga nr. 7/1936 eigi við í þessu tilfelli. Þá var því haldið fram við munnlegan málflutning af hálfu stefnda, að ábyrgð hans væri einföld ábyrgð, og væri því ekki hægt að krefja stefnda um efndir á samningi þessum, fyrr en fullreynt væri um greiðslufall hjá öðrum skuldurum. Ekki verður á þetta fallt, því að í samningnum eru engar takmarkanir á ábyrgð stefnda.

Af öllu því, sem hér hefur verið rakið, þá þykir við niðurstöðu máls þessa verða að leggja samninginn á dskj. nr. 3 til grundvallar að öllu leyti.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 7.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 14. september 1966 til greiðsludags hefur verið rökstudd með framlagningu á dskj. nr. 7, en það er víxilafrit, bankareikningur og kvittun fyrir greiðslu málskostnaðar. Af hálfu stefnda hafa ekki verið höfð uppi rökstudd mótmæli gegn kröfu þessari, og með vísan til þeirra gagna, sem hún er rökstudd með af hálfu stefnanda, þá þykir verða að taka hana til greina.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 300.000.00 verður ekki tekin til greina, þar sem sú ábyrgð er ekki talin í samningnum á dskj. nr. 3.

Af hálfu stefnanda hefur krafan um dagsektir ekki verið rökstudd, en við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að aðför í húseign stefnanda stæði fyrir dyrum vegna veðs þessa. Lögmaður stefnda gerði þá varakröfu við munnlegan málflutning, að krafa stefnanda um dagsektir yrði lækkuð. Þótt svo að krafa stefnanda um dagsektir sé ekki rökstudd, þá þykir

hún eiga rétt á sér. Þykir því verða að taka kröfu stefnanda um dagsektir til greina, en með tilliti til fjárhæðar veðskuldarinnar þykja dagsektir hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Helgason, greiði stefnanda, Sigurði Helgasyni, kr. 7.825.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 14. september 1966 til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum. Stefndi, Hörður Helgason, leysi veð samkvæmt veðbréfi, dags. 13. desember 1963, til tryggingar skuld að fjárhæð tékkneskar krónur 35.000.00, tryggðu með 3. veðrétti í 2ja herbergja íbúð Sigurðar Helgasonar í Safamýri 44, Reykjavík, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum, er renni til stefnanda, kr. 700.00 á dag.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. október 1969.

Nr. 18/1969. **Stefanía Hansen**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Dánarbúi Halldórs Guðbjarnarsonar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dánarbú. Ráðskonukaup. Húsaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 243.250.00 með 6% ársvöxtum frá 23. október 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti,